




Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður



Reykjavík, 4. október 2021
R21090132
ES

Umboðsmaður Alþingis
Skúli Magnússon
Þórshamri
Templarasundi 5
150 REYKJAVÍK

Vegna máls nr. 10989/2021

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis frá 9. september sl. Þar er óskað upplýsinga frá Reykjavíkurborg um hvort rétt sé að starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. verði ekki flutt á Esjumela eins og komið hafi fram í frétt sem birtist á fréttavefnum www.dv.is hinn 8. júlí sl. Þess var óskað að umbeðnar upplýsingar bærust umboðsmanni Alþingis eigi síðar en 23. september sl. Með tölvuskeytum, dags. 22. september sl. og 1. þ.m., var fallist á beiðnir Reykjavíkurborgar um framlengdan frest, eða til 4. október 2021.

Hér með upplýsist að umræddar upplýsingar í umfjölluninni eru réttar og að um þessar mundir er unnið að undirbúningi flutnings starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. á iðnaðarsvæði við Áhelli, Hafnarfirði. Umrætt svæði er í útjaðri byggðar og ætlað fyrir starfsemi af þessum toga, en þar var áður rekin Malbikunarstöðin Munck. Með hjálögðu bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 20. september 2021, var tilkynnt um þá ákvörðun að færa starfsleyfi til reksturs einnar malbikunarstöðvar að Áhelli 18, Hafnarfirði, útg. 8. júní 2018, af rekstraraðila Munck Íslandi ehf. yfir á nýjan rekstraraðila á lóðinni, þ.e. Malbikunarstöðina Höfða hf. sem hyggst halda þar áfram sömu starfsemi.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Ebba Schram
borgarlögmaður

Hjálagt:
Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 20. september 2021.